

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988-2008.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Kópavogs hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 27. janúar 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988-2008, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felur í sér að í stað opins svæðis til sérstakra nota sunnan Hlíðarvegar frá húsinu nr. 56 til austurs á mótis við Bröttugötu komi fimm íbúðarhúsalóðir með aðkomu frá Hlíðarvegi.

Bæjarstjórn Kópavogs tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 18. ágúst 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um skipulag menntamálaráðuneytisins.

Meginákvæði þau sem menntamálaráðuneytið starfar eftir eru í lögum nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum, og reglugerð samkvæmt þeim, nr. 96 frá 31. desember 1969, með síðari breytingum.

Skipulag ráðuneytisins er í meginatriðum þannig:

Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra. Með ráðherra starfa aðstoðarmaður og ráðunautar við sérstök verkefni.

Ráðuneytið skiptist í þrjár skrifstofur: skrifstofu ráðherra, með þremur meginstöðsviðum, skrifstofu menntamála og vísinda og skrifstofu menningarmála. Skrifstofustjórar stýra stöðsviðum og skrifstofum. Einn skrifstofustjóra ráðuneytisins er staðgengill ráðuneytisstjóra. Skipting ráðuneytisins í deildir fer eftir ákvörðun ráðherra.

Verkefni skiptast milli skrifstofa á eftirfarandi hátt:

Skrifstofa ráðherra.

Skrifstofa ráðherra skiptist í þrjú meginstöðsvið, þ.e. fjármálasvið, almennt svið og alþjóðasvið. Verkefni skiptast milli stöðsviða á eftirfarandi hátt:

Fjármálasvið.

Á fjármálasviði er m.a. unnið að fjárlagagerð, eftirliti með framkvæmd fjárlaga, áætlanagerð vegna rekstrar og stofnkostnaðar, ýmiss konar samningagerð og umsjón með greiðslum og framkvæmdum á vegum ráðuneytisins. Þar eru einnig starfsmannamál stofnana og skóla eftir því sem við á.

Almennt svið.

Á almennu sviði er umsjón með rekstri ráðuneytisins, afgreiðslu og ýmiss konar sameiginlegri þjónustu svo sem skráningu og vistun skjala og annarra gagna. Þar eru einnig starfsmannamál og fjárreiður ráðuneytisins og lögfræðileg ráðgjöf.

Alþjóðasvið.

Á alþjóðasviði er stjórnun og skipulag alþjóðlegra samskipta sem alþjóðasvið og skrifstofur ráðuneytisins annast.